



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
b.t. Steinunnar Fjólu Sigurðardóttur og Írisar Bjargmundsdóttur
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. janúar 2015
Tilv.: 1502004

Efni: Eftirfylgni með álitum Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2009 Skipulag, lóðaúthlutanir og samkeppni

1.

Með bréfi, dags. 16. desember 2014, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum um hvernig umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefði brugðist við tilmælum Samkeppniseftirlitsins sem sett voru fram í álitum nr. 3/2009 *Skipulag, lóðaúthlutanir og samkeppni*. Í umræddu álitum beindi Samkeppniseftirlitið því til umhverfisráðherra að beita sér fyrir breytingum á ákvæðum skipulags- og byggingarlaga til að tryggja að horft sé til samkeppnissjónarmiða við skipulag og úthlutun lóða. Í álitinu beindi Samkeppniseftirlitið því jafnframt til sveitarfélaga á Íslandi að hafa átta meginreglur til hliðsjónar við skipulagsmál og úthlutun lóða.

Í nefndu bréfi Samkeppniseftirlitsins var vísað til þess að samkvæmt 24. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005, sbr. reglur nr. 924/2007, og 2. mgr. 8. gr. samkeppnislaga er Samkeppniseftirlitinu heimilt að fylgja eftir áður útgefnum álitum með fyrirspurnum til þess sem álitin beindist að. Í málsmeðferðareglunum kemur jafnframt fram að Samkeppniseftirlitið skuli, að jafnaði, birta svör við slíkum fyrirspurnum á heimasíðu eftirlitsins. Með bréfi dags. 21. apríl 2015 kom fram Sigrún Magnúsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra myndi víkja sæti í málinu og hefði Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hafi verið settur til að taka við málinu. Starfsmenn umhverfis- og auðlindaráðuneytisins myndu hins vegar halda áfram með málið. Svör ráðuneytisins við bréfi eftirlitsins bárust svo þann 5. maí 2015 í kjölfar fundar sem Samkeppniseftirlitið átti með fulltrúum ráðuneytisins. Verða svör ráðuneytisins birt á heimasíðu eftirlitsins með bréfi þessu.

Í umsögn ráðuneytisins kemur m.a. fram að horfa beri til margvíslegra þátta við gerð skipulags og telur ráðuneytið að samkeppnissjónarmið sé eitt af þeim sjónarmiðum enda sé það undirliggjandi í markmiðsákvæðum skipulagslaga og skipulagsreglugerðar. Hins vegar sé varhugavert að draga sérstaklega fram ein sjónarmið umfram önnur þegar um



gerð skipulags er að ræða þar sem skipulag er tæki sveitarfélaga til að stjórna landnýtingu. Að mati ráðuneytisins þurfi því að byggja á samspili margra sjónarmiða sem veða þurfi og meta. Hvort auka eigi vægi samkeppnissjónarmiða við gerð skipulags með notkun samkeppnismats þarfnast því, að mati ráðuneytisins, ítarlegrar skoðunar í nánu samráði við Skipulagsstofnun og sveitarfélögin sem bera ábyrgð á gerð skipulagsáætlana.

Hvað tilmæli Samkeppniseftirlitsins varðar um að sett yrðu ákvæði er varða lóðaúthlutanir í skipulagslög kom fram það mat ráðuneytisins að lóðaúthlutanir sveitarfélaga falli ekki undir málefnasvið ráðuneytisins og að reglur um lóðaúthlutanir heyrðu ekki undir og ættu ekki að heyra undir efnisreglur skipulagslaga. Að mati ráðuneytisins ættu ákvæði um lóðaúthlutanir sveitarfélaga heima í sérlögum eða sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 þar sem úthlutanir lóða séu verkefni sveitarfélaga. Samkvæmt a-lið 33. tölul. 4. gr. forsetaúrskurðar nr. 71/2013 fari innanríkisráðuneytið með mál er varða stjórnarsýslu og verkefni sveitarfélaga. Þá benti ráðuneytið á að þegar álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2009 var birt var frumvarp til nýrra skipulagslaga í kostnaðarmati hjá fjármálaráðuneytinu. Frumvarpið var því komið í hefðbundinn feril til framlagningar á Alþingi áður en álitnið barst ráðuneytinu og sá ráðuneytið sér því ekki fært að gera hugsanlegar breytingar í kjölfarið á frumvarpinu.

Þá segir að í skipulagslögum sé kveðið á um gerð svokallaðrar landsskipulagsstefnu, þ.e. samræmda stefnu ríkisins um skipulagsmál til tólf ára, og að sveitarfélögum beri að taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim. Lítur ráðuneytið svo á að landsskipulagsstefna sé stjórnæki sem aðstoðar sveitarfélög við að marka sér stefnu í skipulagsmálum og stuðli að því að sveitarfélög hafi samkeppnissjónarmið til hliðsjónar við gerð skipulags. Í umsögn ráðuneytisins kemur fram að þann 1. apríl 2015 hafi verið lögð fram tillaga að þingsályktun um umrædda landsskipulagsstefnu. Þar hafi verið sett fram stefna um fjögur viðfangsefni, þ.á.m. um skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar. Lögð séu fram fjögur markmið og að eitt af þeim sé að skipulag byggðar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Að lokum tilkynnti ráðuneytið hins vegar að fyrirhugað sé að taka til skoðunar, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar við næstu endurskoðun skipulagsreglugerðar, hvort rétt sé að kveða á um skyldu sveitarfélaga til að viðhafa samkeppnislegt mat við gerð skipulags.

2.

Í nýbirtri frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins vegna markaðsrannsóknar á eldsneytismarkaðnum nr. 2/2015 er fjallað með ítarlegum hætti um skipulagsmál og lóðaúthlutanir og mikilvægi þess að samkeppnisleg sjónarmið séu þar höfð á leiðarljósi, sbr. kafli 8 í skýrslunni. Þar er m.a. farið yfir fyrri afskipti Samkeppniseftirlitsins og eftirfylgni með þeim en eftirlitið hefur, líkt og tíundað er í bréfi þess til ráðuneytisins þann 16. desember 2014, um langa hríð bent á mikilvægi þess að horft sé til samkeppnislegra áhrifa við gerð skipulagsáætlana og lóðaúthlutana hjá hinu opinbera. Vísast í þessu sambandi til þeirra umfjöllunar.

Í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins kemur m.a. fram hversu ótæk sú staða er að a.m.k. stærsta sveitarfélag landsins, Reykjavíkurborg, virðist túlka ákvæði skipulagslaga



með öðrum hætti en umhverfis- og auðlindaráðuneytið en líkt og áður segir telur ráðuneytið að samkeppnissjónarmið falli undir orðalag ákvæðis a-liðar 1. gr. skipulagslaga um efnahagslegar og félagslegar þarfir manna. Reykjavíkurborg hefur hins vegar byggt á því að ekkert sé í löggjöf um skipulagsáætlanir sem kveður á um að samkeppnissjónarmið ættu að hafa vægi við skipulagsgerð.

Líkt og segir í nefndri frummatsskýrslu getur fyrrgreind tillaga um þingsályktun um landsskipulagsstefnu verið þarft verkfæri fyrir sveitarfélög í skipulagsgerð. Það er hins vegar mat Samkeppniseftirlitsins að hún á eyði ekki því misræmi sem virðist ríkja við túlkun á skipulagslögum. Þar liggur grunnvandinn. Telur eftirlitið að efni þingsályktunarinnar dragi þannig ekki úr brýnni þörf fyrir breytingum á markmiðsákvæði skipulagslaga og að settar verði efnislegar leikreglur að þessu leyti. Vandamálið er að þær átta meginreglur sem mælt er fyrir um í áliti Samkeppniseftirlitsins eru ekki bindandi og markmiðsákvæði skipulagslaga kveða ekki nægilega skýrt á um að horfa eigi til samkeppnislegra áhrifa við skipulagsgerð. Hefur framkvæmd sveitarfélagana jafnframt sýnt að framangreint nægi ekki til þess að tekið sé fullnægjandi tillit til samkeppnissjónarmiða við skipulagsgerð. Í ofanálag eru ekki í gildi reglur sem varða lóðaúthlutanir eða ákvarðanir tengdum lóðanotkun hjá sveitarfélögum. Samspil þessa birtist að mati Samkeppniseftirlitsins í því að lagaumhverfið á Íslandi tryggir ekki að í hvívetna séu þessi sjónarmið metin með markvissum hætti andspænis öðrum sjónarmiðum. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur löggjafinn, sveitarfélög og önnur til þess bær yfirvöld ekki enn markað sér skýra stefnu um áhrif samkeppnissjónarmiða á gerð og framkvæmd skipulagsáætlana og við einstakar lóðaúthlutanir sveitarfélaga, þrátt fyrir, líkt og áður segir, reynslan sýni að það getur haft töluverð áhrif á samkeppnisaðstæður hvernig skipulagsmálum og lóðaúthlutunum er háttað. Geta skipulagsáætlanir, aðal- og deiliskipulag og lóðaúthlutanir sveitarfélaga, falið í sér samkeppnishömlur þar sem starfsemi núverandi eða nýrra fyrirtækja hefur með einhverjum hætti verið takmörkuð eða útilokuð svo dæmi séu tekin. Þannig getur lóðaúthlutun eftt samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur.

3.

Samkeppniseftirlitið fagnar því að ráðuneytið hyggist taka til skoðunar hvort unnt sé að kveða á um skyldu sveitarfélaga til að viðhafa samkeppnislegt mat við gerð skipulags. Af þeim ástæðum sem að framan eru rakin telur Samkeppniseftirlitið þó þörf á því að ítreka þau tilmæli sem sett voru fram í áliti nr. 3/2009 *Skipulag, lóðaúthlutanir og samkeppni*. Samkeppniseftirlitið beinir því hér með til umhverfis- og auðlindaráðherra, eða sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í hans stað, að beita sér fyrir breytingum á ákvæðum skipulags- og byggingarlaga til að tryggja að horft sé til samkeppnissjónarmiða við framkvæmd skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Þá er rétt að athuga að Samkeppniseftirlitið byggir ekki á því að samkeppnisleg sjónarmið eigi fyrirfram að vega þyngra en önnur sjónarmið við áætlanagerð eða ákvörðunartökur í tengslum við lóðir eða skilmála í lóðasamningum. Þvert á móti. Sveitarfélög þurfa og eiga að þurfa við skipulagsáætlun sína og lóðaúthlutun að horfa til, vega og meta margvísleg málefnaleg sjónarmið, þ.á m. samkeppnisleg sjónarmið, umhverfisleg sjónarmið o.s.frv.

Við vinnslu áðurnefndrar markaðsrannsóknar á eldsneytismarkaði aflaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga frá 12 sveitarfélögum um skipulags- og lóðaúthlutunarmál, sbr. nánari umfjöllun í kafla 8.1.3.2 í frummatsskýrslunni. Kom í ljós



að framkvæmd sveitarfélaga í þessum efnum er ærið misjöfn og misjafnt hversu langt sveitarfélögin telja sér skylt að horfa til samkeppnislegra áhrifa hlutaðeigandi ákvörðunar, m.a. hvað varðar ákvarðanir sem tengjast eldsneytismarkaðnum. Þannig komu fram dæmi við vinnslu markaðsrannsóknarinnar þar sem sveitarfélag beinlínis horfði til þess að lóðaúthlutun gæti eftt samkeppni á eldsneytismarkaði á svæðinu til hagsbóta fyrir bæjarbúa. Þá eru þess einnig dæmi að sveitarfélög hafi sett sér reglur um lóðaúthlutun, þrátt fyrir að Samkeppniseftirlitið fái ekki séð að þar sé kveðið á með beinum hætti um áhrif samkeppnissjónarmiða við slíkar ákvarðanir. Á hinn bóginn voru einnig vísbendingar um að víða sé pottur brotinn í framkvæmd sveitarfélaga, þ.e. þegar kemur að því hvort litið sé til samkeppnislegra sjónarmiða og þau vegin og metin ásamt öðrum málefnalegum sjónarmiðum við lóðaúthlutanir og skipulagsgerð. Ber þar fyrst og fremst að nefna umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar varðandi skipulagsgerð og lóðaúthlutanir undir eldsneytisstöðvar, sem nánar er fjallað um á bls. 257-258 í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið


Eva Ómarsdóttir

Samkeppniseftirlitið			
Málsnr.	1502004	Ábmr.	EO
Brélat.	21.5.4	Aðrir	
Mótt.	11.5.2015	Fskj.	
Aths.		Trúnað.	



Samkeppniseftirlitið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 5. maí 2015
Tilv.: UMH14120102/31-0

Ráðuneytið vísar til erindis Samkeppniseftirlitsins, dags. 16. desember 2014, sem lítur að eftirfylgni með álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2009, Skipulag, lóðaúthlutanir og samkeppni. Í erindinu segir að í álitinu hafi þeim tilmælum verið beint til umhverfisráðherra að beita sér fyrir breytingum á ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þannig að skýrt væri kveðið á um að hafa skuli hliðsjón af samkeppnissjónarmiðum við framkvæmd laganna. Jafnframt hafi því verið beint til ráðherra að kveðið yrði á um framkvæmd lóðaúthlutana í sömu lögum í því skyni að efla samkeppni. Í umsögn umhverfisráðuneytisins um álitnið hafi komið fram að ráðuneytið teldi að samkeppnissjónarmið fælust í orðalagi ákvæðis 1. gr. skipulagslaga um efnahagslegar og félagslegar þarfir manna. Teldi ráðuneytið hugsanlegt að láta samkeppnismat fara fram í tengslum við endurskoðun aðalskipulags með tilteknu millibili og yrði þar með einn þáttur að baki framtíðarstefnumótun sérhvers sveitarfélags. Teldi ráðuneytið þó betra að fyrir hendi væru skýrari og aðgengilegar reglur sveitarfélaga varðandi úthlutun lóða, þar sem horft væri til samkeppnissjónarmiða við úthlutun. Í erindinu kemur einnig fram að Samkeppniseftirlitið hafi vakið athygli á mikilvægi samkeppnissjónarmiða við skipulagsmál í umsögn sinni við frumvarp til nýrra skipulagslaga árið 2010 og í umsögn Samkeppniseftirlitsins, vegna nýrrar skipulagsreglugerðar í lok árs 2011 hafi þeim tilmælum verið beint til ráðherra að kveðið yrði á um það í nýrri reglugerð að samkeppnislegt mat skyldi fara fram við gerð skipulagsáætlana hjá sveitarfélögum og að höfð yrði hliðsjón af samkeppnissjónarmiðum við gerð skipulags og úthlutun lóða. Að mati Samkeppniseftirlitsins hafi við gerð nýrra skipulagslaga nr. 123/2010 ekki verið tekið tillit til sjónarmiða sem sett höfðu verið fram í álitni eftirlitsins nr. 3/2009 né í umsögn við frumvarp laganna. Þá hafi heldur ekki verið tekið tillit til framkominna sjónarmiða Samkeppniseftirlitsins við setningu skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Samkeppniseftirlitið kveðst með erindinu vera að fylgja eftir framangreindu álitni nr. 3/2009 og óskar því upplýsinga um hvernig ráðuneytið hafi brugðist við framangreindum tilmælum. Er sérstaklega óskað eftir upplýsingum um til hvaða aðgerða og áætlana ráðuneytið hafi gripið til vegna álitsins.

Í umsögn umhverfisráðuneytisins, dags. 11. desember 2009, um framangreint álit nr. 3/2009 kom fram að ráðuneytið teldi að samkeppnissjónarmið fælust í orðalagi ákvæðis 1. gr. skipulagslaga um efnahagslegar og félagslegar þarfir manna og var sú skoðun ítrekuð í svarbréfum ráðuneytisins til Samkeppniseftirlitsins þann 15. febrúar 2011 og 13. apríl 2012. Varðandi tilmæli Samkeppniseftirlitsins um að sett yrði ákvæði í skipulagslög er varða lóðaúthlutanir þá kom fram í fyrrgreindum svarbréfum ráðuneytisins frá 15. febrúar 2011 og 13. apríl 2012 það mat ráðuneytisins að reglur um lóðaúthlutanir heyrðu ekki undir og ættu ekki að heyra undir efnisreglur skipulagslaga. Að mati ráðuneytisins falla lóðaúthlutanir sveitarfélaga ekki undir málefnasvið ráðuneytisins skv. 6. gr. forsetaúrskurðar nr. 71/2013 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og eiga væntanlega heima í sérlögum eða sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 þar sem úthlutanir lóða eru verkefni sveitarfélaga. Samkvæmt a-lið 33. tölul. 4. gr. forsetaúrskurðar nr. 71/2013 fer innanríkisráðuneytið með mál er varða stjórnáætlun og verkefni sveitarfélaga.

Ráðuneytið bendir á að í bréfi ráðuneytisins frá 15. febrúar 2011 til Samkeppniseftirlitsins var gerð

grein fyrir ferli þeirrar vinnu sem átti sér stað í tengslum við frumvarp til nýrra skipulagslaga. Þar kemur fram að þegar álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2009 var birt var frumvarpið í kostnaðarmati hjá fjármálaráðuneytinu þar sem metin eru áhrif frumvarpsins á ríkissjóð. Frumvarpið var því komið í hefðbundinn feril til framlagningar á Alþingi áður en álitid barst ráðuneytinu og sá ráðuneytið sér því ekki fært að gera hugsanlegar breytingar í kjölfarið á frumvarpinu.

Hvað varðar umsögn Samkeppniseftirlitsins við frumvarp til nýrra skipulagslaga (lög nr. 123/2010) þá var þar um að ræða umsögn til umhverfisnefndar Alþingis frá 24. mars 2010 en ekki til ráðuneytisins. Eins og fram kom í fyrrgreindu bréfi ráðuneytisins til Samkeppniseftirlitsins þann 15. febrúar 2011 er frumvarp á forræði umhverfisnefndar Alþingis eftir að mælt hefur verið fyrir frumvarpinu á Alþingi. Það var því nefndarinnar að ákveða hvort og hvernig yrði brugðist við umræddri umsögn Samkeppniseftirlitsins og endanleg ákvörðun í höndum þingsins við afgreiðslu frumvarpsins.

Í álit Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009, samkeppnismat stjórnvalda, er þeim tilmælum beint til forsætisráðherra að stuðla að því að stjórnvöldum verði gert skylt að framkvæma staðlað samkeppnismat í tengslum við undirbúning að setningu laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Í álitinu er að finna ítarlega umfjöllun um framkvæmd samkeppnismats. Samkvæmt álitinu fer slíkt mat fram með þeim hætti að svarað er ákveðnum fjölda grundvallarspurninga. Þau svör skera úr um hvort að framkvæma þurfi ítarlegra samkeppnismat. Með ítarlegra samkeppnismati eru rannsókuð áhrif fyrirhugaðra laga og reglugerða á nokkur fyrirfram gefin atriði. Samkeppnismatið er því tæki sem nýtist til greiningar á afleiðingum fyrirhugaðra laga og reglugerða á samkeppni og notkun þess getur stuðlað að því að samkeppnissjónarmið fái aukið vægi við fyrirhugaða reglusetningu. Ráðuneytið bendir hins vegar á að skipulagsáætlanir eru sérstaks eðlis og er gerð þeirra á forræði sveitarfélaga sbr. 3. mgr. 3. gr. skipulagslaga. Samkvæmt markmiðsákvæðum skipulagslaga og markmiðsákvæðum skipulagsreglugerðar þá ber að hafa í huga við gerð skipulags efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi. Einnig ber að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmari nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu. Tryggja ber réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagar heildarinnar sé hafður að leiðarljósi. Enn fremur þarf að tryggja samráð við almenning þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda. Samkvæmt framansögðu er ljóst að horfa ber til margvíslegra þátta við gerð skipulags. Telur ráðuneytið að samkeppnissjónarmið sé eitt af þeim sjónarmiðum sem horfa þarf til við gerð skipulags enda sé það undirliggjandi í markmiðsákvæðum skipulagslaga og skipulagsreglugerðar. Hins vegar er varhugavert að draga sérstaklega fram ein sjónarmið umfram önnur þegar um gerð skipulags er að ræða þar sem skipulag er tæki sveitarfélaga til að stjórna landnýtingu og þarf því að byggja á samspili margra sjónarmiða sem veða þarf og meta. Hvort auka eigi vægi samkeppnissjónarmiða við gerð skipulags með notkun samkeppnismats þarfnast því að mati ráðuneytisins ítarlegrar skoðunar í nánú samráði við Skipulagsstofnun og sveitarfélögin sem bera ábyrgð á gerð skipulagsáætlana.

Í skipulagslögum nr. 123/2010 er kveðið á um gerð landsskipulagsstefnu sem er samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál til tólf ára sem ráðherra lætur vinna og leggur fram á Alþingi sem tillögu til þingsályktunar innan tveggja ára frá Alþingiskosningum, sbr. 14. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 10. gr. skipulagslaga. Í landsskipulagsstefnu eru samþætta áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun og er hún útfærð með tilliti til skipulags landnotkunar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Til grundvallar landsskipulagsstefnu skal leggja markmið skipulagslaga auk framangreindra áætlana. Þá skal eftir því sem við á hafa svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga til hliðsjónar sbr. 2. mgr. 10. gr. skipulagslaga. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. skipulagslaga ber sveitarfélögum að taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.

Þann 1. apríl 2015 lagði umhverfis- og auðlindaráðherra fram tillögu að þingsályktun um landsskipulagsstefnu (689. mál) á Alþingi. Í tillögunni er sett fram stefna um fjögur viðfangsefni; skipulag á miðhálandi Íslands, skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar og skipulag á

haf og strandsvæðum. Fyrir öll fjögur viðfangsefni eru lögð til grundvallar fjögur markmið og er eitt af markmiðunum það að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Um samkeppnishæfnina segir m.a. í athugasemdum um þingsályktunartillöguna í kafla um viðfangsefni landsskipulagsstefnu: „Skipulag byggðar getur stuðlað að samkeppnishæfni með ýmsum hætti. Með því að beina vexti á tiltekin svæði í skipulagi og styrkja innviði er unnt að stuðla að hagkvæmari uppbyggingu og efla slagkraft viðkomandi svæðis í samkeppni við önnur um íbúa, fyrirtæki og ferðamenn. Einnig má nýta skipulag til að vinna út frá sérkennum og staðaranda viðkomandi staðar og styrkja þannig viðkomandi stað sem álitlegan kost fyrir búsetu og atvinnurekstur“. Í tillögunni er einnig mjög víða að finna tilvísanir til samkeppnissjónarmiða. Í kafla 3.1, sem ber heitið Heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðapróun segir t.d. að skipulag byggðar og þróun þéttbýlis stuðli að samkeppnishæfni og þoli samfélags í einstökum landshlutum og á landinu í heild. Einnig segir í kafla 3.4, sem ber heitið Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf, að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.

Eins og að framan greinir ber sveitarfélögum að taka mið af samþykktum landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykki hennar. Lítur ráðuneytið svo á að landsskipulagsstefna sé stjórnþæki sem aðstoðar sveitarfélög við að marka sér stefnu í skipulagsmálum. Gerir ráðuneytið þannig ráð fyrir að samþykkt landsskipulagsstefna stuðli að því að sveitarfélög hafi samkeppnissjónarmið til hliðsjónar við gerð skipulags. Í því sambandi er ítrekað það mat ráðuneytisins að í markmiðsákvæðum skipulagslaga og skipulagsreglugerðar felist samkeppnissjónarmið við gerð skipulagsáætlana. Ráðuneytið fyrirhugar hins vegar að taka til skoðunar, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar við næstu endurskoðun skipulagsreglugerðar, hvort rétt sé að kveða á skyldu sveitarfélaga til að viðhafa samkeppnislegt mat við gerð skipulags.

Fyrir hönd ráðherra


Steinunn Fjöla Sigurðardóttir


Íris Bjargmundsdóttir

Ljósrit: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík.